

# Gátlisti fyrir umsækjendur

## Skilyrði fyrir styrkveitingum úr Starfsþróunarsjóði prófessora

- Styrkir eru aðeins veittir að ferð lokinni.
- Gerð er krafa um vandaðan frágang umsókna.

## Þegar sótt er um styrk:

- Sótt er um með rafrænum hætti á heimasíðu félagsins. Fylgigögnum er hlaðið upp með umsókninni. **Athugið að hægt er að skanna mörg skjöl saman í eitt skjal** og hengja með umsókn.
- Aðeins skal sækja um styrk vegna einnar ferðar í hverri umsókn.

## Fylgigögn með umsókn:

- Sundurliða þarf allan útlagðan kostnað. Bæði í erlendri mynt og íslenskum krónum.
- Allir reikningar verða sannanlega að vera greiddir af umsækjanda.
- Staðfesting á greiðslu.
- **Afrit (pdf) af frumreikningum** vegna útlagðs kostnaðar. Þetta á við um allan útlagðan kostnað, t.d. flugfarseðla, hótél, ráðstefnugjöld, lestir o.fl. Athugið að bókunarstaðfestingar vegna flugs og hótela eru ekki gildir reikningar.
- Brottfararspjöld verða að fylgja umsókn ef sótt er um styrk vegna flugkostnaðar.
- Staðfesting á þátttöku ef sótt er um styrk vegna ráðstefnuferðar.
- Staðfesting frá viðkomandi háskóla auk sundurliðunar á öllum kostnaði, ef sótt er um styrk vegna rannsóknamissis.

## Meðal þess sem ekki er styrkhæft:

- Fæðiskostnaður. Þegar sótt er um styrk vegna hótélkostnaðar þá er aðeins veittur styrkur fyrir gistingunni. Falli til annar kostnaður vegna hótélgistingar þarf umsækjandi að draga hann frá.
- Bílaleiga.
- Bílastæðagjöld.
- Samgöngur innan borga.
- Félagsgjöld.